

Lög

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

1. gr.

- Við 5. mgr. 1. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
8. Forsjármálum.
 9. Afhendingarmálum, sbr. lög nr. 160/1995.

2. gr.

Í stað orðanna „og skipulagsfræðinga“ í 22. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: skipulagsfræðinga og raffræðinga.

3. gr.

- Við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
51. Leyfi til sölu notaðra ökutækja
 - a. til fimm ára 25.000 kr.
 - b. endurnýjun leyfis skv. a-lið 2.500 kr.

4. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:
- a. 4. tölul. orðast svo: Aðgangsheimildir að varnarstöðinni Keflavíkurlflugvelli:
 - a. Að Flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt þjónustusvæði (svæði 1) og bannsvæði (svæði 3), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002 2.800 kr.
 - b. Að flotastöð varnarliðsins (svæði 2), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002 2.000 kr.
 - b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
 31. Fyrir friðlýsingu æðarvarpa 5.000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 12. desember 2002.